

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2009030087

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 og
Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars. 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gaeti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 22. mars 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirlæslu innlána. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirlæslu innlána á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem var tímafrekara en ætlað var. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafest til að ljúka yfirlæslu innlána Sparisjóðabanka Íslands hf. til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands. Á grundvelli sömu sjónarmiða telur Fjármálaeftirlitið nú þörf að framlengja frestinn á yfirlæslu innlána ennfrekar. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 1. málsl. 7. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009, sbr. ákvörðun eftirlitsins þann 22. mars 2009.

ÁKVÖRÐUN:

Yfirlæsla innlána samkvæmt ofangreindu fer fram eigi síðar en kl. 9.00 miðvikudaginn 1. apríl 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

24. mars 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason
forstjóri